

Samruni TK bíla ehf., Toyota á Íslandi ehf. o.fl. og Bílaverkstæði Austurlands ehf.

- Þann 7. júní 2024 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup TK bíla ehf. (hér eftir „TK bílar“) á 70% hlutafjár í Bílaverkstæði Austurlands ehf. (hér eftir „BVA“). Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 5. og 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020. Með bréfi dags. 11. júní 2024 upplýsti Samkeppniseftirlitið að nefnd samrunatilkynning teldist fullnægjandi. Með hliðsjón af 2. mgr. 8. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390/2020 byrjuðu frestir til að rannsaka samrunann að líða 10. júní 2024. Við athugun á samrunanum leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrirliggjandi gagna og fyrri ákvarðana eftirlitsins.
- Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Með fyrrnefndum kaupunum eignast TK bílar 70% hlutafjár í BVA. Samkeppniseftirlitið telur í þessum kaupum felast samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
- Í samrunaskrá kemur fram að TK bílar reki bílasölu nýrra og notaðra bíla, verkstæðis- og varahlutasölu í Kaupþúni í Garðabæ. TK bíla sé í eigu UK fjárfestinga ehf. og það félag sé í eigu ÞK fjárfestinga og JÚ ehf. UK fjárfestingar ehf. eigi meðal annars einnig Toyota á Íslandi ehf. og Kraftvélur ehf.
- Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi BVA felist í rekstri á bílasölu og bílaverkstæðis á Austurlandi og takmarkist rekstur félagsins við það svæði. Verkstæði BVA veiti þjónustu fyrir ýmis bílavörumerki, og sé m.a. viðurkenndur þjónustuaðili Toyota á Íslandi.
- Við mat á samruna samkvæmt samkeppnislögum verður að byrja á því að skilgreina þann markað eða þá markaði sem við eiga.¹ Af hálfu samrunaaðila er á því byggt í samrunaskrá TK bílar starfi á markaði bílaverkstæði á höfuðborgarsvæðinu, markað fyrir sölu á notuðum bílum á höfuðborgarsvæðinu og markað fyrir sölu á nýjum bílum á höfuðborgarsvæðinu. BVA starfi á markaði fyrir bílaverkstæði á Austurlandi, markað fyrir sölu nýrra bíla á Austurlandi og notaða bíla á Austurlandi að mati samrunaaðila.
- Að mati Samkeppniseftirlitsins hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem getur tilefni til að skilgreina markaði málsins með öðrum hætti en samrunaaðilar hafa talið, þótt ekki þurfi að taka endanlega afstöðu til markaðsskilgreininga í þessu máli hvorki er varðar vörumarkað málsins né landfræðilega markaði í ljósi niðurstöðu þess og takmarkaðra áhrifa.

¹ Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður sölusvæði vöru og staðgengdarvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgengdarþjónustu. Hagfræðileg rök leiða til þess að líta verður á viðkomandi markaði frá tveimur sjónarhornum, annars vegar vöru- eða þjónustumarkaðinn og hins vegar landfræðilega markaðinn.



7. Í samrunaskrá kemur fram að með vísan til takmarkaðrar markaðshlutdeildar samrunaaðila, telji þeir áhrif samrunans takmörkuð ef nokkur á markaði málsins. Að sama skapi sé ljóst að samruninn komi ekki til með að skapa eða styrkja markaðsráðandi stöðu.
8. Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitins að ekki sé ástæða til frekari rannsóknar né sé nauðsynlegt að aðhafast vegna þessa samruna. Lýkur málinu því á fyrsta fasa samrunarannsóknar.

Ákvörðunarorð:

„Kaup TK bíla ehf. á 70% hlutfjár í Bílaverkstæði Austurlands ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson